



## Hreppsnefnd 21.06.07

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 21. júní 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Þórdís Þorbergsdóttir og Einar Víglundsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 7. júní sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 7. júní sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir tl. 5 og 6 og gerði grein fyrir stöðu mála varðandi byggðakvóta. Jafnframt gerði hann grein fyrir því að ályktun sveitarstjórnar varðandi byggðakvóta hefði verið send til ráðuneyta sávarútsvegs og byggðamála. Ennfremur hafði ályktunin verið send á alla þingmenn kjördæmisins og helstu fjölmiðla. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerðir menningarmálanefndar frá 4. og 11. júní sl.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

3. mál Fundargerðir stjórnar Arnarvatns ehf. og aðalfundar fyrirtækisins frá 13. júní sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar Arnarvatns fyrir starfsárið 2006, sem haldinn var kl. 11.00 13. júní sl. og einnig fundargerð aðalfundar félagsins frá því kl. 12.00 sama dag. Jafnframt var með leyfi fundarins lögð fram fundargerð nýrrar stjórnar fyrirtækisins fyrir starfsárið 2007 frá 13. júní, sem boðað var til í beinu framhaldi af aðalfundi þar sem stjórnin skipti með sér verkum.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

4. mál Jónsver ses afsal og uppgjör

Lagt fram afsal dags. 6. júní sl., vegna kaupa Jónsvers ses. á neðri hæð hússins Hamrahlíð 15, Vopnafirði, af Vopnafjarðarhreppi. Jafnframt lagt fram uppgjör milli þessara aðila vegna kaupanna undirritað sama dag, þar sem fram kemur hvernig eignin hefur verið greidd og hvert framlag hreppsins hefur verið.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Lagði hann síðan til að fyrirliggjandi uppgjör og afsal yrðu samþykkt.

Tillaga sveitarstjóra samþykkt samhljóða.

5. mál Ásbrún, uppkaup á grundvelli verðmats

Lagt fram verðmat af húseigninni Ásbrún, Lónabraut 17, Vopnafirði, sem unnið er af Fasteigna- og skipasölu Austurlands og dags. 23. maí sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir matinu og viðræðum við fulltrúa eigenda í framhaldi af því að matið sá dagsins ljós.

Lagt til að sveitarstjóra verði falið að ganga frá kaupum á eigninni á grundvelli fyrirliggjandi verðmats.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

6. mál Kaupvangur, upplýsingamiðstöð o. fl.

Gerð var grein fyrir hugmyndum, sem eru í gangi varðandi rekstur Kaupvangs. Opnuð hefur verið upplýsingamiðstöð, sem opin verður á virkum dögum frá kl. 10.00-17.00 og um helgar frá kl. 12.00-16.00. Unnið er að uppsetningu á ljósmyndasýningu á gömlum myndum sem unnið hefur verið að því að safna um nokkurt skeið undir forystu Halldórs Karls Halldórssonar. Vonast er til að sýning þessi geti séð dagsins ljós í júlí.

Ræddar hugmyndir um að auglýsa vel fyrir félagasamtökum og öðrum áhugahópum möguleika á að fá aðstöðuna í Kaupvangi leigða yfir helgi eða dag og dag til þess að vera með kynningu á starfsemi sinni og jafnvel opið kaffihús í tengslum við það. Með þeim hætti verði reynt að skapa sem mest líf í húsið í sumar til viðbótar við þá starfsemi sem felst í þjónustu upplýsingamiðstöðvarinnar og viðburða sem hugsanlega verða settir upp á vegum sveitarfélagsins í húsinu. Jafnhliða þessu verður áfram unnið að þeim verkefnum sem þegar eru farin í gang svo sem setri Jóns Múla og Jónasar Árnasona o.fl.

Sérstaklega var rætt erindi Handverkshópsins “Nema hvað!” frá því fyrr á árinu.

Eftir umræður um málið þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum var svofelld tillaga borin upp:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að kannaður verði áhugi Handverkshópsins “Nema hvað!” á því að gerður verði samstarfssamningur milli þess og Vopnafjarðarhrepps um að Handverkshúsið fái aðstöðu í Kaupvangi í júlí/ágúst n. k. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slíkur samningur taki mið af öðrum viðburðum sem eru í húsinu á tíma samkomulagsins.

Sveitarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn handverkshópsins um útfærslu á slíku samkomulagi.”

Eftir umræður var fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

7. mál Ýmis bréf og erindi:

a) Bréf dags. 11. júní frá Héraðsnefnd Múlasýslna, varðandi safnvegaáætlun.  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.45.